

Úr fundargerðarbók félagsins Stórir Íslendingar 1951-1952

1. fundur

Stofnfundur

Stofnfundur í félaginu „Stórir Íslendingar“ var haldinn í Breiðfirðingabúð á Skólavörðustíg, 3. sept. 1951. Fundarstjóri var Thorolf Smith, blaðamaður. Á fundinum voru mættir um 60 menn. Þetta gerðist á fundinum

I.

Fundarsetning

Kl. 8:40 setti Thorolf Smith fundinn. Í upphafi máls síns gat hann þess, að fyrir skömmu hefðu nokkrir menn, sem voru svo úr garði gerðir, að í hópi annara manna, báru þeir höfuð og herðar ofar, voru að ræða um það, hvort ekki væri rétt að þessi „fyrirbæri“ þjóðfélagsins stofnuðu með sér samtök til þess ~~tt~~ m.a. að þeir væru ekki ver settir en aðrir þjóðfélagsþegnar við að hylja nekt sína. Til þess að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd var boðað til fundar í Café Höll [22.] ágúst¹ kl. 5. Var á þeim fundi kosin undirbúningsnefnd, sem nú boðaði til stofnfundar félagsins. Í undirbúningsnefndinni áttu sæti: Thorolf Smith, Ásgeir Magnússon, Árni Björnsson, Sigfús Guðmundsson og Árni Kristjánsson.

Bauð fundarstjóri fundarmenn síðan velkomna og lýsti ánægju sinni yfir því, hversu menn hefðu brugðizt vel við með því að fjölmenna á fundinn. Taldi hann engan vafa á, að hvergi væri að finna á öllu landinu eða jafnvel í allri álfunni, jafnfjölmennan hóp jafn föngulegra sveina og saman voru komnir á fundinum.

II. Mæting

Þá sagði fundarstjóri, að fengin hefði verið að láni hjá lögreglunni mælistá, í þeim tilgangi að mæla alla viðstadda frá toppi til táar, til þess að hægt væri að gera sér einhverja grein fyrir, hvað hæfilegt mætti teljast að miða lámarkshæð við. Virtist fundarmönnum einsýnt, að engum smámönnum væri ætlaður staður í þessu félagi og var ekki laust við að einn og einn færi að ókyrrast í sætinu. Var nú „gálganum“ stillt upp á miðju gólfi og gengu menn þar undir af fúsum og frjálsum vilja. Þótti það tíðindum sæta, ef viðstaddir mældust ekki nokkuð á síðasta tug annars meters. Meginþorinn mældist 192-194 cm, en hæstur reyndist vera Hannes Kolbeins, eða 2 m. sléttir.

Var síðan rætt um, hver lámarkshæð ætti að vera. Var að endingu ákveðið, að þeir einir gætu orðið félagsmenn, sem væru 188 cm. og hærri, með þeirri undantekningu þó, að þeir sem hefðu sýnt þann áhuga að mæta á þessum stofnfundi, og með því ~~sýnt~~ látið ótvírætt í ljós, að þeir kynnu betur við sig í hópi þessum, skyldu, þó að þeir næðu ekki alveg 188 cm., teljast jafngildir félagsmenn hinum.

¹ Mánaðardag vantar í fundargerðina. Í *Alþýðublaðinu* er fundur í félagi sexfetunga auglýstur 22. ágúst 1951 og líklegt er að þar sé um að ræða undirbúningsfundinn sem nefndur er í fundargerðinni. Sjá *Alþýðublaðið* 22. ágúst 1951, bls. 1

III. Skírn

Þá var komið að því að gefa félaginu nafn, og nú voru fundarmenn um það spurðir: „hvað á barnið að heita“. Varð uppi fótur og fit meðal fundarmanna, því öllum var ljóst, að félagið yrði að bera nafn með rentu. Var stungið upp á „Risafélagið Dvergur“, „Dvergrisafélagið“, „Risafélagið“, „Golíat“ o.fl. Voru öll nöfnin eitthvað ógurlega stórt og mikið, unz einhvers staðar frá, fundarritara er ekki kunnugt um hvaðan það kom, kom fram uppástungan „Stórir Íslendingar“. Þótti það nafn einna þokkalegast og var að endingu samþykkt, að félagið skyldi bera það nafn.

IV. Lagasetning

Þá var lesið uppkast að lögum, sem Ásgeir Magnússon hafði samið. Var felld inn í það lámarkshæð og heiti eins og það var ákveðið, og síðan samþykkt með smávægilegum breytingum.

V. Stjórnarkjör

Að loknu stjórnarkjöri eru þessir menn réttkjörnir í stjórn félagsins:

Thorolf Smith, formaður

Sveinn Sæmundsson, varaformaður, ranns(ókna)lögr(eglumaður)

Sigfús Guðmundsson, meðstjórnandi, flugumf(erðar)stj(óri)

Árni Kristjánsson, - skipamiðlari

Jón Guðmundsson, - Reykjum

Varamenn: Jóhann Bernhard, ritstj(óri)

Sigurjón Ágústsson, R(eykja)vik

Endurskoðendur: Júlíus Magnússon (Maggi Magnús)

: Skarphéðinn Pétursson (Zophaniusson)

Varaendurskoð(andi) : Bjarni Bjarnason Snæbj(örnssonar) H(afnar)f(irði)

VI. Félagsgjald

Þá var rætt um, hve félagsgjöldin ættu að vera há. Urðu um það nokkrar umræður og komu fram tillögur um að það skyldu vera 25 kr. og 50 kr. á ári. Að endingu var 50 - kr. tillagan samþykkt.

VII. Ýmis mál

1. Hófust nú umræður um ýmislegt er varðar framtíð félagsins og voru fundarmenn svo ákafir í að fá skyrtur og önnur föt á kroppinn, að engu var líkara en þeir stæðu á nærklæðunum einum. Árni Kristjánsson upplýsti, að hann hefði rætt við ýmsa verzlunarmenn um það hvaða horfur væru á því að hægt væri að semja við þá um hagkvæm fatakaup fyrir félagsmenn. Kvað hann undirtektir þeirra hafa verið slæmar, en

sumir hefðu bent sér á, að til þess að árangurs væri að vænta þyrfti félagið að fá fulltrúa í fjárhagsráð og landsbankaráð.

2. Þá tók formaður til máls og sagði að stjórnin myndi beita sér fyrir því að félagsmenn fengju flíkur, eftir því sem hún frekast gæti og hann vonaðist einnig til, að takast mætti að halda uppi svo fjölbreyttri félagsstarfsemi á öðru sviði, svo sem með dansleikjum, ferðalögum og skemmtifundum, að þessi félagsskapur mætti blómgast og verða „stór“. Gat hann þess að það væri veigamikið að menn héldu saman, að þeir vissu af því, að þeir væru í félagi sem hver skussi ætti ekki innangengt í, og kom hann með þá hugmynd, að félagið léti gera smekklegt merki eða prjón, sem menn gætu borið í barmi sínum til merkis um yfirburði sína.

VIII. Fundarslit

Var nú orðið áliðið kvölds og formaður bað Stóra Íslendinga vel að lifa og sleit fundi.

Árni Björnsson
fundarritari